

Smábátasjómenn á Húsavík fara þess á leit við Byggðarráð Norðurbings að það beiti sér fyrir því að veiðar með dragnót verði óheimilar í Skjálfanda innan línu sem nemur við norðurenda Flateyjar í Tjörnstorfu. Áriðandi er að lokunin taki strax gildi út ágúst og í framhaldinu 1. september ár hvert fyrir hvert fiskveiðiár.

Að undanfögnu hafa stór dragnótaskip verið að veiðum í Skjálfanda á hefðbundinni veiðislóð smábáta. Skip að stærðinni 283 brúttótonn með gríðarlega toggetu og veiðarfærið útbúið til bolfiskveiða á ekkert erindi á grunnslóð. Afkastageta þess er í þriðja veldi á við það veiðarfæri sem miðað var við þegar undanþága var gerð fyrir dragnót til veiða í fiskveiðlandhelgi Íslands. Jafnframt var litið til þess að veiðarfærið væri kjörið til veiða á flatfiski þegar undanþágan var veitt.

Veiðislóðin sem veiðarfærinu er nú beitt á er viðkvæm og þolir ekki þá ágengni sem beitt er með nútíma dragnót sniðin fyrir bolfiskveiðar. Í þessu sambandi skal bent á tvö dæmi þar sem staðbundnir bolfiskstofnar hafa orðið fyrir barðinu á hinu stórvirka veiðarfæri.

1. Steinbítur á grunnslóð suður af Stöðvarfirði – þurrkaður upp með dragnót stórskipa frá Hornafirði.
2. Ýsa í Skjálfanda – stofninn þar þurrkaður upp með dragnótaveiðum fyrir nokkrum árunum.

Dæmi um afkastagetu veiðarfærisins eru tveir túrar í Skjálfanda hjá Hafborgu EA-152. Miðað var á tvo bletti í flóanum Malarhorn og Hvammshorn sem eru örskammt frá landi.

Landað var á Dalvík 27. og 28. júlí alls 35 tonnum af þorski. Með áframhaldandi skarki dragnótar á svæðinu má gera ráð fyrir að sama bíði þessa staðbundna þorskstofns og ýsu- og steinbít sem hér fyrr var minnst á.

Á síðast ári var reglugerð þess efnis að dragnóta bátar skyldu halda sig innan ákveðins svæðis breytt, þannig að nú mega þeir veiða hringinn í kringum landið. Þetta varð til þess að sex öflugustu dragnóta bátar landsins veiddu í Skjálfandaflóa svo mánuðum skipti síðast liðið haust og að okkar mati kláruðu þeir hrygningarstofn ýsu í flóanum. Fóru þeir langt með þorskstofninn líka, sem netarall Hafrannsóknarstofnunnar sýndi glöggd dæmi um í vor.

Fjöldi flóa og fjarða eru lokaðir fyrir dragnót allt árið, t.d. Eyjafjörður og Skagafjörður, auk margra fjarða fyrir vestan og víða og hafa þessir staðir ávallt komið mun betur út í vorralli Hafrannsóknarstofnunnar síðustu ár.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að smábátasjómenn hafna algjörlega þeirri staðhæfingu Hafrannsóknarstofnunar að engu máli skipti hvernig fiskurinn er veiddur þegar litið er til sjálfbærra veiða. Vakin er athygli á að fiskurinn hefur val um að bíta á krókana, en í dragnótina hefur hann ekkert val, smalað saman þannig að ekkert sleppur á svæðinu.

Smábátasjómenn á Húsavík fara hér fram á að Byggðarráð Norðurlands bregðist nú þegar við, eigi samtalið við Sjávarútvegsráðuneytið/ráðherra þess efnis að svæðinu verði lokað til enda ágúst fyrir veiðum með dragnót og 1.september 2021 verði svæðinu lokað árlega eins tilgreint er hér að framan.

Til upplýsinga er hér mynd sem tekin er á veiðislóðinni sem sýnir vel stærðarmismun skipanna, og er það ljóst að svona skip eiga ekkert erindi við veiðar upp í harða landi á hryggningarslóð meðan flest allir, ef ekki allir fiskistofnar eiga undir högg að sækja.



Virðingarfyllt

f.h. smábátasjómannanna á Húsavík

Haukur Eiðsson